

**68** laganna, ber að greiða úr rikissjóði til þess tíma, er lögin öðlast gildi, á sama hátt og hingað til. Þó miðast fyrsta framlag rikissjóðs samkvæmt 4. gr. þessara laga við fátækraútgjöld sveitarfélaganna allt árið 1932.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Dorsteinn Briem.*

**69**

23. júní

## L Ö G

um

breyting á lögum nr. 55, 27. júní 1921, um skipulag kaupúna og sjávarþorpa.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. gr.

Aftan við 13. gr. komi ný setning, svolátandi:

Nú hefir skipulagsuppráttur ekki hlotið staðfestingu stjórnarráðs áður tvö ár séu liðin frá framlagningu, og er hann eigi lengur bindandi.

### 2. gr.

Nú hefir skipulagsuppráttur verið framlagður áður en lög þessi hafa öðlzt konungsstaðfestingu, en eigi náð staðfestingu stjórnarráðs, og fellur hann þá úr gildi, ef hann hefir eigi verið staðfestur áður ár sé liðið frá þeim tíma.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Dorsteinn Briem.*